

Bólga vex en hjaðnar samt

Eftir Víglund Þorsteinsson

Nú mæla hagvísar okkur það að atvinnuleysi fari vaxandi og jafnframt að verðbólga færist í aukana. Það er rétt að atvinnuleysið er að aukast og er það í takt við aðra hagvísa um minnkandi einkaneyslu, slaka í fjárfestingum og fleira.

Það er hinsvegar rangt að verðbólga sé að vaxa.

Neysluvístölumælingin sem birt var í fyrradag lækkaði, JÁ LÆKKADÍ um 0.27 % á milli mánaða. Það sem er rétt í frásögninni um verðbólgu er að tólf mánaða bólga mælt afturvirkir jókst úr 3.3 % í 3.8 % vegna mikils verðbólguþopps sl. sumar 2012 þegar gengisveikingin var í hámarki. Sú gengisveiking er löngu gengin til baka nú og innistæða í hagkerfinu fyrir frekari verðlækkunum.

Þessi aðferð við verðbólguælingar segir allt um þá vitlausu kvarða sem Seðlabankinn kom sér upp árið 2001 þegar verðbólguþoppið voru tekin upp. Það er stýrt í vaxtarófinu með því að horfa aftur fyrir sig en ekki fram á veginn.

Það er svona svipað og að keyra bíl áfram með því að horfa eingöngu í baksýnispegilinn. En þetta voru „vísindin“ sem hagfræðingar bankans, þá og sem nú eru í forystu fyrir bankanum, studdust við.

Það má segja þeim til afsökunar að þeir voru þar ekki einir á báti. Á þessum tíma voru þeir í hópi með öðrum seðlabönkum heims. Það er helst að Federal Reserve, Seðlabanki Bandaríkjanna, hafi aldrei tekið þessa trú að fullu. Það er að minnsta kosti ljóst að þeir hafa örugglega yfirgefið hana í dag.

Seðlabanki Íslands er að verða einn á báti í þessari „gömlu trú á villuljósin“. Hér á landi eru stýrivextir bankans nú um 6 %, með ársverðbólguhraða innan við 1 %.

Það er því engin furða að hagkerfið sé að kólna hægt og bitandi. Þessir stýrivextir birtast í útlánvöxtum bankanna sem eru á bilinu 10 -13 % p.a. óverðtryggir. Það eru nafnvextir sem eru nokkurn veginn raunvextir í dag.

Á sama tíma er kostur á að taka verðtryggt lán með vexti sem eru á bilinu 4 - 5 % sem við þessar aðstæður eru einnig nokkurn veginn raunvextir. Raunvaxtamunurinn hér á milli í dag er um 5 - 6 % p.a. verðtryggtum lánunum í hag.

Ef ekki á illa að fara þarf Seðlabankinn nú að grípa til verulegrar vaxtalækkunar strax í ágúst. Hæfilegt væri að bankinn lækkaði vexti á einu bretti um 3 - 4 prósentustig .

Það er alveg ljóst að ef Már Guðmundsson og peningastefnunefndin reyna að rökstyðja aðgerðaleyfi með hefðbundnum rökum svo sem vegna yfirvofandi hættu á launahækkunum í komandi kjarasamningum verða

þeir að athlægi í ljósi ákvarðana kjararáðs og þess að taka við þeim kauphækkunum fyrir sig en segja „puplinum“ að éta ruðurnar.

Ef þeir vilja reyna að ná sambandi við raunveruleikann og slökkva villuljósinn í „Svörtuloftum“ er kröftug vaxtalækkun eina leiðin þeirra til að ná jarðsambandi að nýju og reyna að öðlast tiltrú þjóðarinnar. Verðbólga er nú minni en í mörg ár. Uppsöfnuð þriggja mánaða verðbólga er nú 0.2 %. Mælt á árs hraða þýðir það 0.9 % verðbólgu. Við erum núna þannig staddir að frekar en ekki má búast við verðhjöðnun á sumum sviðum svo sem almennrar neysluvöru.

Það er almælt svo sem sjá má til dæmis greiningu Yngva Harðarsonar hagfræðings í Mogga um daginn að nú sé innanlandsneyslunni haldið uppi af erlendum ferðamönnum. Þegar þar dregur úr í haust mun væntanlega „harðna á dalnum“.

Stóra fréttin fyrir skuldara er sú sem enginn hefur fjallað um enn að neysluvísitalan sem tekur gildi 01.09. nk. lækkar um 0.27 % og þar með skuldir landsmanna. Raunvextir verðtryggðra lána og nafnvextir þeirra fara nokkurn veginn saman í dag. Það er nokkuð sem almenningur þarf að gefa gaum nú þegar lífeyrissjóðir okkar bjóða lánskjör sem eru hagstæðari en nokkru sinni fyrr. Tækifærin til endurfjármögnunar heimilinna eru betri en nokkru sinni síðastliðna áratugi.

Hin stóra fréttin er að hagkerfið er í hægagangi. Það er nokkuð sem er áhyggjuefni fyrir nýja ríkisstjórn. Þegar þjóðin kemur úr sumarfríi er eins gott að hún verði klár á stefnunni og þeirri leiðsögn sem hún ætlar að veita fram á veginn. Þannig að leiðin fram veginn verði upp á við en ekki niður. Ef ekki kemur til þess að Seðlabankinn lækki vexti af sjálfsdáðum hlýtur það að koma til að ríkisstjórnin hjálpi bankanum í þeim efnum. Vaxtalækkun núna er helsta tækið til að reyna að örva innlenda fjárfestingu á meðan ekki tekst að ljúka samningum um erlenda.

Vaxtalækkun nú hefur þann viðbótarkost að hún er til þess fallin að styðja við gengi krónunnar vegna þeirrar undanþágu sem vogunarsjóðir og erlendir kröfuhafar njóta að mega flytja vextina af eignum sínum úr landi í erlendum gjaldeyri og stuðla að því markmiði ríkisstjórnarinnar að herða svo að erlendum kröfuhöfunum að þeir fallist á að yfirgefa landið með því að afhenda allar innlendar eignir þrotabúanna. Jafnframt að þeir semji um mikinn afslátt af svokölluðum jöklabréfum sem þeir eru hvort eð er að mestu búnir að endurheimta með miklum vaxtamun í upphafi fyrir hrun og háum innlendum vöxtum síðan.

Ríkisstjórnin þarf að koma til þings í september „fullvopnuð“ og reka af sér slyðruorðið sem á hana féll fyrir það að mæta illa undirbúin til sumarþings.

„Það kostar hugann að herða.“

Garðabæ 25.07. 2013